

10. gr.

Ef stjórn sjóðsins og stjórn RKÍ samþykkja einróma að sjóðurinn skuli lagður niður skal allt fé sjóðsins renna til annarra verkefna á vegum RKÍ samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar félagsins.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 10. desember 1994.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. janúar 1996.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu fyrir Dalabyggð.

1. gr.

Hreppsnefnd Dalabyggðar er árlega heimil álagning sérstaks sorphirðugjalds (sorp-hreinsi- og sorpeyðingargjalds) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir og fyrirtæki í þéttbýli

sorphirðugjald hver eining (160 ltr.) kr. 8.250

Íbúðir í dreifbýli, sumarbústaðir og hús og hjólhýsi

sem notuð eru eins og sumarbústaðir kr. 3.300

Fyrirtæki sem ekki hafa sorpílát kr. 3.300

Þeir sem leigja eða reka eigin sorpílát samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykktar um sorphirðu í Dalabyggð nr. 171/1995 eru gjaldfrjálsir.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Dalabyggðar, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 178/1995 vegna sorphirðu í Dalabyggð.

Umhverfissráðuneytinu, 29. janúar 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.